



# Samskiptaráðgjafi íþróttar- og æskulýðsstarfs

Ársskýrsla samskiptaráðgjafa íþróttar- og æskulýðsstarfs fyrir árið 2022

Hjálmar Karlsson

Sigurbjörg Sigurpálsdóttir

Póra Sigfríður Einarsdóttir

Domus Mentis Geðheilsustöð

Pverholti 14, 105 Reykjavík

[samskiptaradgjafi@samskiptaradgjafi.is](mailto:samskiptaradgjafi@samskiptaradgjafi.is)

839-9100

[www.samskiptaradgjafi.is](http://www.samskiptaradgjafi.is)



DOMUS MENTIS  
Geðheilsustöð



## Ársskýrsla samskiptaráðgjafa íþróttar- og æskulýðsstarfs 2022

3. apríl 2023

### Starf samskiptaráðgjafa íþróttar- og æskulýðsstarfs

Lög um samskiptaráðgjafa íþróttar- og æskulýðsstarfs nr. 45/2019 tóku gildi 1. ágúst 2019 og heyrðu undir málefnasvið Mennta- og menningarmálaráðuneytis, nú Mennta- og barnamálaráðuneyti. Samkvæmt lögum þessum er ráðherra viðeigandi málefnasviðs heimilt að fela þriðja aðila að sinna hlutverki samskiptaráðgjafa. Samningur var gerður við Domus Mentis Geðheilsustöð þann 13. janúar 2020 um að sinna starfsemi samskiptaráðgjafa.

Samkvæmt lögum um samskiptaráðgjafa (nr.45/2019) eru helstu verkefni hans að:

- 1) Koma með virkum hætti á framfæri upplýsingum til þeirra sem taka þátt í starfsemi þeirra félaga og samtaka sem falla undir lög þessi, um atvik og misgerðir í þeim tilgangi að auka þekkingu og stuðla að réttum viðbrögðum við þeim.
- 2) Leiðbeina þeim einstaklingum sem til hans leita vegna atvika eða misgerða sem orðið hafa í skipulögðu starfi félaga og samtaka sem falla undir lög þessi eða í tengslum við það um þau úrræði sem standa til boða, hvernig kvörtun er komið á framfæri við rétt yfirvöld og eftir atvikum um þá þjónustu sem ríki og sveitarfélög bjóða upp á.
- 3) Aðstoða samtök og félög sem falla undir lög þessi við að gera viðbragðsáætlanir vegna atvika og misgerða sem verða í starfi þeirra og stuðla að samræmingu á landsvísu, eftir atvikum í samráði við ÍSÍ, UMFÍ, æskulýðssamtök og önnur samtök.
- 4) Veita ráðgjöf til þeirra sem taka þátt í starfsemi félaga og samtaka sem falla undir þessi lög um fyrirbyggjandi aðgerðir.
- 5) Fylgjast með rannsóknum og þróun á verkswiði samskiptaráðgjafa og koma upplýsingum á framfæri við ÍSÍ, UMFÍ, æskulýðssamtök og önnur samtök sem falla undir lög þessi.
- 6) Taka saman upplýsingar um starf samskiptaráðgjafa og þær tilkynningar sem honum hafa borist á liðnu almanaksári.

Í lögum nr. 45/2019 kemur fram að samskiptaráðgjafi er í störfum sínum óháður fyrirmælum frá öðrum. Þó skal ráðgjafinn starfa samkvæmt fyrirmælum laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018 og lögum um opinber skjalasöfn nr. 77/2014 auk barnaverndarlaga nr. 80/2002.

Upphaflegur samningur rann út í árslok 2022 en var endurnýjaður og framlengdur af Mennta- og barnamálaráðuneytisins og Domus Mentis Geðheilsustöðvar í janúar 2023. Í þeim samningi



var fjármagn til samskiptaráðgjafa aukið og stöðugildum fjölgað, þar sem fjöldi tilkynntra mála hafði aukist frá því að starfið var sett á fót. Stöðugildi eru því nú orðin tvö og sinna Sigurbjörg Sigurpálsdóttir, klínískur sálfræðingur, Hjálmar Karlsson og Þóra Sigfríður Einarsdóttir framkvæmdastjóri Domus Mentis Geðheilsustöðvar sem hefur yfirumsjón með verkefninu, þeim í sameiningu. Skipa þau Sigurbjörg, Hjálmar og Þóra Sigfríður málanefnd samskiptaráðgjafa.

## **Yfirlit verkefna árið 2022**

### **Innri starfsemi samskiptaráðgjafa**

Áfram var unnið að innri verklagsreglum og starfslýsingu samskiptaráðgjafa á árinu 2022. Vinna við slíkt er í sífelltri endurskoðun þar sem um nýtt starf er að ræða.

### **Viðbragðsáætlun**

Eitt af lögbundnum hlutverkum samskiptaráðgjafa er að samræma viðbragðsáætlanir varðandi andlegt, líkamlegt og kynferðislegt ofbeldi og áreitni, einelti og önnur sambærileg tilvik. Til þessa var á árinu 2021 stofnaður vinnuhópur sem samanstóð af aðilum frá UMFÍ, Æskulýðsvettvanginum, Íþróttabandalagi Reykjavíkur, Landsbjörgu, Bandalagi íslenskra skáta, KFUM og KFUK, ÍSÍ og samskiptaráðgjafa. Vann vinnuhópurinn ötullega að því að Viðbragðsáætlun íþróttar- og æskulýðsstarfs var gefin út 4. nóvember 2022 að viðstöddum Mennta- og barnamálaráðherra ásamt aðilum frá íþróttar- og æskulýðssamtökum landsins.

Um er að ræða víðtæka og heildstæða áætlun fyrir íþróttar- og æskulýðsfélög vegna ýmissa atvika sem upp geta komið í félagsstarfi. Má þar nefna leiðbeiningar um viðbrögð við slysum, náttúruhamförum, einelti og ofbeldi og ábendingar varðandi fjölbreytileika í félagsstarfi, ferðalög og öryggismál. Viðbragðsáætlunina er að finna á heimasíðu samskiptaráðgjafa undir Verkfærakistunni. Stefnt er að því að fylgja Viðbragðsáætluninni eftir með kynningum og prentuðu efni auk þess þýða hana og annað stuðningsefni á ensku.

### **Heimasíða samskiptaráðgjafa**

Heimasíða samskiptaráðgjafa veitir upplýsingar um starf og hlutverk ráðgjafans. Hægt er að hafa samband í gegnum síðuna með því að senda þar inn tilkynningu. Auk þess er þar að finna fræðslu- og forvarnarefni. Heimasíðan er aðgengileg á bæði íslensku og ensku og er það von samskiptaráðgjafa að síðan verði einnig þýdd á pólsku. Útliti og aðgengi síðunnar var breytt á árinu með það fyrir augum að einfalda síðuna og auðvelda fólki að afla sér upplýsinga á heimasíðunni.



Á árinu 2022 var lögð áhersla á að halda heimasíðunni lifandi og var nýju efni bætt við í „Verkferakistu“ samskiptaráðgjafa. Þar má nú meðal annars finna leiðbeiningar og góð ráð varðandi ráðningu sjálfboðaliða og starfsfólks. Einnig er þar að finna ítarlegar leiðbeiningar og eyðublöð sem hægt er að styðjast við þegar afla skal upplýsinga úr sakaskrá.

Vinna við heimasíðuna mun halda áfram á nýju ári enda mikilvægt að heimasíða sé í sífelldri endurskoðun og gagnlegu efni reglulega bætt við.

### **Fundir**

Vikulega voru haldnir fundir málanevndar samskiptaráðgjafa þar sem farið var yfir nýjar tilkynningar, farið yfir stöðu eldri mála og gerð áætlun um vinnslu hvers máls. Það skal tekið fram að ef um alvarleg mál, til dæmis varðandi hugsanlegar tilkynningar til barnaverndar, er ekki beðið eftir næsta reglulega fundi, en boðað til aukafundar til að fara yfir mál og lögð áhersla á að bregðast hratt við. Auk vikulegra funda voru lengri vinnufundir á dagsskrá ársfjórðungslega þar sem unnið hefur verið að innri verklagsreglum og starfið mótað.

### **Símatími**

Í samningi ráðuneytis við Domus Mentis Geðheilsustöð var farið fram á reglulegan símatíma samskiptaráðgjafa. Símatími samskiptaráðgjafa er opinn alla þriðjudaga kl.10-11. Eitt erindi barst í gegnum símatíma á árinu 2022. Flest erindi berast utan símatíma enda hefur verið lögð áhersla á gott aðgengi að samskiptaráðgjafa.

### **Kynningarmál**

Samskiptaráðgjafi sinnti fræðslu og upplýsingagjöf varðandi starfið hjá mismunandi stofnunum og félögum sem óskuðu eftir því. Þar má nefna kynningar fyrir ASÍ, Útivist, VIRK og Háskóla Íslands. Að auki hefur samskiptaráðgjafi kynnt starfsemina og útgáfu Viðbragðsáætlunar fyrir ýmsum íþróttar- og æskulýðs samtökum og félögum við mismunandi tilefni.

Samskiptaráðgjafi hefur einnig lagt áherslu á góða samvinnu við fjölmiðla og var ágæt umfjöllun í þeim í kjölfar útgáfu Viðbragðsáætlunnar.

### **Samstarf við aðildarfélög**

Starf samskiptaráðgjafa var viðbót við forvarnar- og fræðslustarf sem þegar var hafið á mismunandi stöðum innan íþróttar- og æskulýðshreyfinga. Samskiptaráðgjafi hefur lagt áherslu á að rækta samstarf og samtal við þessi félög og hefur það gengið vel. Er það samstarf mikilvægt til þess að einfalda boðleiðir fyrir þá sem þurfa að nýta sér þjónustu samskiptaráðgjafa. Þar að auki er best að sameina krafta þeirra sem hafa öryggi og velferð þátttakenda og starfsmanna í íþróttar- og æskulýðsstarfi að leiðarljósi.



## **Sértæk verkefni samskiptaráðgjafa á árinu 2022**

### Vinnuhópur viðbragðsáætlunar

Mikil vinna var lögð í Viðbragðsáætlun íþróttar- og æskulýðsstarfs sem var gefin út 4. nóvember 2022. Sjá umfjöllun hér að ofan „Yfirlit verkefna árið 2022 – Viðbragðsáætlun“

### Frumvarp til breytingar á lögum um samskiptaráðgjafa

Eftir að samskiptaráðgjafi hafði verið við störf um tíma kom í ljós að þörf var á því að knýja fram breytingar á lögum um samskiptaráðgjafa. Var það gert í samstarfi við Mennta- og barnamálaráðuneytið sem skrifaði frumvarp til breytinga á lögum nr. 45/2019. Málið fór í fyrstu umræðu á Alþingi 18. maí 2022 en fór síðan á bið þar til þing tók saman aftur haustið 2022. Umræða í þingsal fór fram 20. febrúar 2023 og er málið stítt í fyrstu umræðu.

### Þingsályktunartillaga um forvarnir gegn kynbundnu- og kynferðislegu ofbeldi og áreitni

Jafnréttisstofa heldur utan um forvarnarstarf meðal barna og ungmenna gegn kynbundnu- og kynferðislegu ofbeldi og áreitni. Vinna við að innleiða kennsluefni frá Barna- og fjölskyldustofu fyrir öll þau sem starfa með börnum varðandi kynbundna- og kynferðislega áreitni og ofbeldi stendur yfir. Jafnréttisstofa óskaði eftir því að samskiptaráðgjafi sinni hlutverki tengiliðs við íþróttar- og æskulýðshreyfingarnar. Voru tveir fundir haldnir á árinu 2022 varðandi verkefnið og samskiptaráðgjafi tók þátt í þeim.

### Endurskoðun siðareglna KSÍ

Óskað var eftir því á haustmánuðum 2022 að samskiptaráðgjafi sæti í vinnuhóp sem fenginn var til þess að endurskoða siðareglur KSÍ. Samskiptaráðgjafi mætti á einn fund á árinu þegar sú vinna fór af stað.

## **Ferðir samskiptaráðgjafa**

Samskiptaráðgjafi hefur sinnt flestum sínum verkefnum á höfuðborgarsvæðinu en hefur einnig ferðast út um landið þegar þess hefur verið þörf. Annars hefur tæknin verið nýtt og mikið fundað í gegnum fjarfundabúnað.

## Mál sem bárust samskiptaráðgjafa á árinu 2022

Öllum tilkynningum til samskiptaráðgjafa er tekið alvarlega og eru þær skráðar í málaskrá undir þeim formerkjum sem þær berast. Eftir frekari upplýsingaöflun er tekin ákvörðun á málafundi um hvort mál tilheyri samskiptaráðgjafa eða hvort réttast sé að vísa málinu annað. Mál sem hafa borist samskiptaráðgjafa hafa verið afar fjölbreytt.

### Tegundir mála

Tilkynningar til samskiptaráðgjafa á árinu 2022 hafa verið flokkaðar eftir því hvernig málin eru tilkynnt og falla þau í eftirfarandi flokka; eineltismál, líkamlegt ofbeldi, kynbundna- eða kynferðislega áreitni eða ofbeldi, samskiptavanda, óæskilega hegðun, ráðgjöf og annað.

### Skýringar á flokkum

Mál sem flokkast sem „Kynbundin- eða kynferðisleg áreitni eða ofbeldi“ eru allt frá því að vera óviðeigandi samskipti á netinu yfir í alvarlegt kynferðislegt ofbeldi. „Óæskileg hegðun“ eru mál sem oftast nær varða harkalega framkomu eða þjálfunarhætti en einnig fordóma og skyld hegðun. Undir flokkinn „Annað“ falla ýmiskonar mál sem ekki tilheyra öðrum skilgreindum flokkum. Þar má nefna andlega vanlíðan, sammingsbrot eða lagaleg álitamál. Flokkurinn „Ráðgjöf“ getur varðað styttri ráðgjöf vegna mála sem og leiðbeiningar varðandi siðareglur eða annars konar regluverk og teljast þá ekki til mála sem viðkoma einstaklingum eða mögulegum brotum á þeim.

Hér má sjá tölfræði yfir þær tilkynningar sem bárust á árinu 2022:

	Kynbundið- eða kynferðisleg áreitni eða ofbeldi	Einelti	Samskipta -vandi	Óæskileg hegðun	Annað	Líkamlegt ofbeldi	Ráðgj öf	Alls
<b>Fjöldi tilkynninga</b>	41	23	15	3	8	14	5	<b>109</b>
<b>Hlutfall af heild</b>	38%	21%	14%	3%	7%	13%	4%	<b>100%</b>

### Hver tilkynna mál?

Tilkynningar til samskiptaráðgjafa berast frá ýmsum aðilum. Árið 2022 bárust 31% tilkynninga frá einstaklingum, 21% frá regnhlífarsamtökum, sérsambandi eða sveitafélagi og 48% frá félögum. Þar sem 69% allra tilkynninga eru að koma frá félögum og samböndum virðist vera að þau séu að taka á þeim málum sem til þeirra berast og leita sér aðstoðar við að greiða úr þeim.

Þau mál sem bárust samskiptaráðgjafa á árinu 2022 voru flest frá íþróttahreyfingunni eða 91%. Þá voru 9% tilkynninga sem komu frá æskulýðshreyfingum, sem er aukning um 3% frá síðasta ári.

### Aldur og kyn

Af þeim málum sem bárust 2022 vörðuðu 50% börn en 40% mála fullorðna einstaklinga. Í 7% tilkynntra mála var um að ræða bæði börn og fullorðna. Í 3% mála átti aldur ekki við.

Kynjahlutfall í heildarfjölda tilkynntra mála skiptist þannig að í 64% tilfella voru stúlkur/konur meintir þolendur. Hér er um að ræða alla flokka mála hvort sem það er samskiptavandi eða ofbeldi. Í 26% tilfella voru drengir/karlar meintir þolendur og í 4% tilfella voru bæði þessi kyn tilkynnt sem meintir þolendur mála. Þess má geta að í 6% tilfella átti kyn ekki við, en þá er jafnvel um að ræða mál sem flokkast undir „Annað“ eða „Ráðgjöf“ og ekki þess eðlis að um þolendur eða gerendur sé að ræða, málin varða ekki endilega einstaklinga og vanda þeirra eða vandinn gæti átt við stóran hóp

Þá voru drengir/karlar sagðir gerendur í 62% tilkynntra mála. Stúlkur/konur voru sagðar gerendur í 23% mála og í 4% tilfella voru bæði þessi kyn tilkynnt sem meintir gerendur mála. Í 11% tilfella átti kyn ekki við. Áfram er hér fjallað um alla flokka mála.

### Skipting eftir landsvæðum:

	Höfuðborgar - svæði	Norðurland	Vesturland	Suðurland	Reykjanes	Austurland	Vestfirðir	Annað/ erlendis
<b>Fjöldi tilkynninga</b>	65	9	5	9	9	5	2	5
<b>Hlutfall af heild</b>	60%	8%	4,5%	8%	7,5%	5%	2%	5%

Mál flokkuð „Annað“ hafa átt sér stað á öðrum en upptöldum stöðum þar með talið á internetinu.

### Staða mála

Samskiptaráðgjafi leggur ávallt áherslu á að vinna mál eins hratt og mögulegt er en um leið viðhafa vönduð vinnubrögð. Við árslok hafði samskiptaráðgjafi lokið við eða lokaði 88% mála sem bárust á árinu 2022. Í lok árs voru 12% mála enn í vinnslu á mismunandi stigum.

### Álit, umsagnir eða leiðbeiningar

Í vissum málum gefur samskiptaráðgjafi út umsögn og/eða leiðbeiningar. Það er í málum þar sem formleg kvörtun berst og krefjast frekari upplýsingaöflunar. Viðtöl eru tekin málshefjanda og/eða málshefjendur og aðra málsaðila auk þess að annarra viðeigandi upplýsinga er aflað ef við á. Þá gefur samskiptaráðgjafi út umsögn og leggur fram tillögur til úrbóta. Á árinu 2022 voru fimm álit gefin út og eitt þeirra var í eftirfylgd í lok árs en öðrum lokið.


### Tilkynningar mála til barnaverndar og lögreglu

Á árinu 2022 voru 17 mál (eða 15,5% af heildarmálum) sem samskiptaráðgjafi kom að, tilkynnt til eða þegar í vinnslu hjá barnavernd. Þá voru 18 mál (eða 16,5% af heildarmálum) sem samskiptaráðgjafi kom að, tilkynnt til eða þegar í rannsókn lögreglu. Nær öll mál sem voru tilkynnt til barnaverndar og lögreglu voru undir flokkunum líkamlegt ofbeldi og kynbundin- og kynferðisleg áreitni og ofbeldi.

### Tilkynningar á mánuði árið 2022

Samskiptaráðgjafa bárust að meðaltali níu tilkynningar á mánuði yfir árið 2022. Hér má sjá dreifingu tilkynninga eftir mánuðum ársins.





### Aukning í tilkynningum

Eðlilegt er að með aukinni vitneskju um starf samskiptaráðgjafa hafi tilkynningum fjölgað. Aukning mála hefur verið stigvaxandi þau ár sem ráðgjafinn hefur verið við störf og var hlutfallsleg aukning 28% milli ára 2021 og 2022. Gera má ráð fyrir áframhaldandi aukningu árið 2023.

	Kynbundin- eða kynferðisleg áreitni eða ofbeldi	Einelti	Samskipta- vandi	Óæskileg hegðun	Annað	Líkam- legt Ofbeldi	Ráðgjöf	Alls
<b>2022</b>	41 (38%)	23 (21%)	15 (14%)	3 (3%)	8 (7%)	14 (13%)	5 (4%)	<b>109</b>
<b>2021</b>	30 (38%)	13 (16%)	11 (14%)	10 (13%)	8 (10%)	4 (4%)	3 (4%)	<b>79</b>
<b>2020</b>	8 (33,3%)	6 (25%)	-	2 (8,3%)	1 (4,2%)	1 (4,2%)	6 (25%)	<b>24</b>

### Verkefni ársins 2023

- Málavinnsla: taka á móti tilkynningum, bregðast eins hratt við og er mögulegt
- Kynning og útbreiðsla á Viðbragðsáætlun íþróttar- og æskulýðsstarfs um land allt.
- Áframhaldandi kynning á starfi samskiptaráðgjafa. Leggja áherslu á að ná einnig til almennings.



- Að halda heimasíðu samskiptaráðgjafa lifandi með nýju efni og hagnýtum upplýsingum í „Verkfærakistuna“. Fyrirhuguð er gerð myndbanda með kynningu á samskiptaráðgjafa og Viðbragðsáætlun.
- Aukinn kraftur verði settur í málefni sem varða fræðslu og forvarnir.